

Áherslumál stjórnar starfsárið 2023-2024

Samkvæmt lögum FFR er tilgangur félagsins m.a. að efla kynni félagsmanna og kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum, þ.m.t. kjaramálum, stuðla að fræðslustarfi meðal félagsmanna og fylgjast með og fjalla um álitamál sem upp kunna að koma fyrir hönd forstöðumanna.

Áherslumál stjórnar FFR starfsárið 2023-2024 taka mið af tilgangi félagsins samkvæmt lögum um félagið og eru þessi:

Félagsstarf og fræðslufundir

- Finna leiðir til þess að efla félagsstarfið og tengslin milli félagsmanna og hvernig best megi hvetja félagsmenn til þátttöku.
- Fræðslufundir um málefni líðandi stundar.
- Kynningar stofnana; heimsóknir á stofnanir.
- Samstarf um morgunverðarfundir við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Starfsumhverfi og kjaramál

- Skoða og gera samanburð/úttekt á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna á Íslandi, Noregi, Danmörku og Svíþjóð.
- Fylgja eftir endurmati á grunnmati starfa.
- Frammistöðumat. Persónubundin laun.
- Aðkoma forstöðumanna að vinnu við breytingar á stofnanakerfi ríkisins.
- Stuðla að jákvæðri ímynd opinberra starfa.

Stuðningur við forstöðumenn

- Styrkja tengsl fagráðuneyta og stofnana.
- Efla móttöku nýrra forstöðumanna.
- Samræma og efla grunnaðstoð við forstöðumenn.
- Öryggismál stofnana og forstöðumanna.
- Mentora kerfi sem stuðlað getur að auknu faglegu samtali og samvinnu milli forstöðumanna.